

Laxar Fiskeldi ehf.  
Hlíðasmára 4  
201 Kópavogur

Reykjavík, 29. nóvember 2022  
UST202206-075/S.K.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 28.06. 2022 – Laxar Bakka**

Þann 28. júní sl. fór fram eftirlit í Laxar fiskeldi, Bakka Ölfusi . Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eldri frávikum hefur verið lokað.

**Ein ábending var gerð í eftirlitinu og þrjú frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti skal skila inn fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti 2021 var skilað inn 3. maí s.l.. Í ársyfirliti skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga síðastliðins árs. Í ársskýrslu kemur ranglega fram að mælingar eigi ekki við og niðurstöður mælinga sem framkvæmdar voru árið 2021 fylgdu ekki ársyfirliti.
2. Gr. 4.5 í starfsleyfi og reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Skila skal grænu bókahaldi fyrir 1. maí ár hvert. Grænt bókhald barst án undirskriftar stjórnar 3. maí 2021.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 13. desember 2022.**

Virðingarfyllst,

Sigríður Kristinsdóttir  
*Teymisstjóri*

Sigríður Magnúsdóttir  
*Sérfræðingur*